

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐARBÓK SVEITARSTJÓRNAR HÚNAÞINGS VESTRA

220. AUKAFUNDUR.

220. fundur sveitarstjórnar Húnaþings vestra haldinn mánudaginn 26. ágúst árið 2013 í fundarsal Ráðhússins kl. 15:40. Oddviti setti fund.

Mætt undirrituð.

Gengið var til dagskrár.

1. Oddviti skýrði frá fundi sem hann ásamt sveitarstjóra áttu í dag með almannavarnarnefnd Húnavatnssýslna vegna slæmrar veðurspár um næstu helgi á svæði almannavarnarnefndarinnar og hvort eða hvaða úrræða hægt er að grípa til á þeim tíma sem er til stefnu til að flýta smölun einstakra svæða ofl. Sveitarstjórn samþykkir að skipa oddvita, sveitarstjóra og Elínu R. Líndal sveitarstjórnarmann í aðgerðarstjórn. Formenn/fulltrúar fjallskilastjórna hafa verið boðaðir til fundar við sveitarstjórn í dag kl.16:30. Oddviti fór yfir stöðuna með formönnum fjallskilastjórnanna. Fjallskilastjórnir munu funda í kvöld og ákvörðun verður síðan tekin í fyrramálið hvort gripið verði til einhverra aðgerða á svæðinu. Upplýsingar þessa efnis verða settar á heimasíðu Húnaþings vestra www.hunathing.is.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundargerð upplesin og samþykkt. Fundi slitið kl. 17:15

Leó Örn Þorleifsson. Sign.

Stefán Einar Böðvarsson.Sign.

Þorbjörg Inga Ásbjarnardóttir Sign.

Elín Jóna Rósinberg.Sign.

Ragnar Smári Helgason.Sign.

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.Sign.

Elín R. Líndal.Sign.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.Sign.